

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

146. fundur fræðsluráðs verður haldinn miðvikudaginn, 5. febrúar 2014, kl. 15.00 í fundarsal ráðhússins.

Dagskrá:

1. Skólastjóri leikskólans Ásgarðs
 - a. Skólapúlsinn
 - b. Skóladagatal
 - c. Dvalarsamningur
2. Bréf byggðarráðs, beiðni um umsögn vegna heimsókna presta á leikskólann Ásgarð.
3. Skólastjóri grunnskóla
 - a. Sjálfsmat
 - b. Endurmenntunaráætlun
4. Kynning á þarfagreiningu á námsframboði á Norðurlandi vestra

Afgreiðslur.

1. Skólastjóri leikskólans Ásgarðs, Guðrún Lára Magnúsdóttir og fulltrúi starfsmanna leikskólans Jóhanna Sigtryggsdóttir mæta á fundinn. Skólastjóri kynnti ákvörðun um að ganga inn í Skólapúlsinn til að láta meta starfið á leikskólanum.

Skóladagatöl kynnt. Skóladagatal leikskólans Ásgarðs og skóladagatal grunnskóla Húnaþings vestra á Borðeyri. Skóladagatalið komið inn á heimasíðu leikskólans. Skóladagatöl samþykkt. Kynning á dvalarsamningi. Leikskólastjóri kynnti dvalarsamning, þar sem fengnar eru upplýsingar og samþykki frá foreldrum. Guðrúnu Láru og Jóhönnu þökkuð koma á fundinn.

2. Bréf byggðarráðs frá fundi 20. janúar sl. Beiðni um umsögn. Fræðsluráð fjallar um málið og telur að kanna verði skoðanir foreldra almennt áður en umsögn er gefin. Anita Ellertsdóttir sat fundinn undir þessum lið fyrir hönd foreldraráðs.

3. Skólastjóri grunnskólans Sigurður Þór Ágústsson og Laura Ann Howser fulltrúi kennara mæta á fundinn og fara yfir drög að sjálfsmatsskýrslu. Formaður fræðsluráðs lýsir yfir ánægju sinni með sjálfsmatsskýrsluna og hversu aðgengileg hún er.

Starfsþróunaráætlun fyrir skólaárið 2013-2015 og verkefnið Orð af orði kynnt.

Sigurði Þór og Lauru Ann þökkuð koma á fundinn.

4. Kynningu á þarfagreiningu frestað til næsta fundar.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs ritaði fundargerð.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Rakel Runólfsdóttir (sign.),

Gísli G.Magnússon(sign.),

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),

Fundi slitið kl: 16:25

Borghildur Haraldsdóttir (sign.)

Anna Birna Þorsteinsdóttir (sign.)

Esther Hermannsdóttir (sign.).